



## Markaðsstofa Suðurlands

### Fundargerð

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands var haldinn á Hótel Örk, Hveragerði, fimmtudaginn 5. maí 2022 kl. 13:30.

#### Setning aðalfundar

Katrín Ó. Sigurðardóttir, formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna og lagði til að Friðrik Sigurbjörnsson yrði fundarstjóri og Nejra Mesetovic fundaritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri opnar fundinn, kynnir fyrirkomulag kosninga fyrir stjórnarkjör og frambjóðendur kynntu sig fyrir fundagestum.

#### Yfirlit ársins 2021 og áherslur 2022

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri MSS, fór yfir aðdragandann og vegferðina að hlutverkum Áfangastaðastofu ásamt yfirliti yfir árið 2021 og helstu verkefni 2022. Hún byrjaði á því að fara yfir undirbúninginn og aðdragandann að stofnun Áfangastaðastofu, allt frá því að stefnumótunarvinna byrjaði árið 2014 og fram til dagsins í dag. Þá fór hún yfir helstu verkefni ársins 2021 og hvað væri framundan, s.s. varðandi Upplifdu.is og virkni þess, myndabankann í Brandcenter og aðrar helstu markaðsaðgerðir á bæði viðskipta- og neytendamörkuðum. Ný vefsíða fór í loftið í fyrra og fór Dagný yfir tölfraði tengda vefnum. Farið var yfir Mannamót 2022 og aðrar sýningar og vinnustofur sem MSS sótti. Verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar, Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, tók til máls og fór yfir ferlið við uppfærslu áfangastaðaáætlunar á árinu og er stefnt á að hún verði gefin út í haust. Fjallað var um Matarauð Suðurlands og Vitaleiðina, nýtt þróunarverkefni sem er hafið, Eldfjallaleiðina, sem og önnur forgangsverkefni áfangastaðaáætlunar fyrir árið 2022.

[Hér er hægt að skoða kynningu framkvæmdastjóra.](#)

#### Ársreikningur Markaðsstofu Suðurlands 2021

Katrín Ó. Sigurðardóttir, formaður stjórnar, kynnti lykiltölur ársreiknings Markaðsstofu Suðurlands fyrir árið 2021. Rekstur á síðastliðnu ári kom út með um 5 milljóna hagnaði. Almennt er ekki er miðað við að rekstur Markaðsstofunnar skili hagnaði, en með honum hefur tekist að greiða til baka stofnfé sem hafði verið gengið á. Hagnaður ársins á sér eðlilegar skýringar og ræðst það að mestu vegna áhrifa Covid-19 þar sem ekki var mögulegt að taka þátt í þeim sýningum og vinnustofum á árinu sem rekstraráætlun gerði ráð fyrir. Þá kom til styrkur frá ríkinu fyrir launum auka starfsmanns vegna Covid-19 í áttakinu „Hefjum störf“. Þá voru heimtur á gjöldum frá samstarfsaðilum betri en áætlanir gerðu ráð fyrir, bæði vegna fleiri fyrirtækja í samstarfi og betri heimta frá núverandi samstarfsfyrirtækjum sem á árinu 2021 ríkti mikil óvissa um. Þá bættust 17 fyrirtæki í hóp samstarfsfyrirtækja frá síðasta aðalfundi. Engar spurningar komu fram frá fundargestum við ársreikning.

## Kosning/skipun nýrrar stjórnar MSS 2022- 2023

Stofnaðilar skipa sína fjóra fulltrúa í stjórn Markaðsstofunnar en tvö sæti Ferðamálasamtaka Suðurlands er kosið í á aðalfundi. Fyrir aðalfund ársins 2022 bárust þrjú framboð í þau sæti og þeir frambjóðendur sem voru viðstaddir kynntu sig stuttlega fyrir aðalfundargestum. Kosningar fóru fram og hlutu Geir Gígja og Guðmundur Fannar Vigfússon kosningu sem aðalmenn og Erla Þórdís Traustadóttir tekur sæti sem varamaður.

### Nýja stjórn skipa:

Ágúst Elvarsson – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu  
Ásgerður Kristín Gylfadóttir – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga  
Grétar Ingi Erlendsson - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga  
Katrín Ó. Sigurðardóttir - Visit South Iceland ehf.  
Geir Gígja – Ferðamálasamtök Suðurlands  
Guðmundur Fannar Vigfússon - Ferðamálasamtök Suðurlands

### Varamenn:

Íris Heiður Jóhannsdóttir – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu  
Ása Valdís Árnadóttir - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga  
Friðrik Sigurbjörnsson - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga  
Engilbert Olgeirsson - Visit South Iceland ehf.  
Dórothea Ármann – Ferðamálasamtök Suðurlands  
Erla Þórdís – Ferðamálasamtök Suðurlands

Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, Ragnildur Ágústsdóttir og Björg Árnadóttir eru að láta af störfum í stjórn og varastjórn Markaðsstofunnar og þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið.

Formleg stjórnarskipti fara svo fram á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þar sem hún skiptir með sér verkum.

## Tilnefning skoðunarmanna ársreiknings

### Skoðunarmenn reikninga

Aðalmenn:

Eydís Þ. Indriðadóttir  
Laufey Sif Lárusdóttir

Varamenn:

Valtýr Valtýsson  
Pétur Viðar Kristjánsson

## Önnur mál

Formaður leggur fram tillögu um greiðslur til stjórnarmanna og lagði fram greinargerð sem fylgir þessari tillögu. Enginn tjáði sig um tillöguna og var hún samþykkt samhljóða af fundargestum.

Formaður stjórnar þakkar fyrir góðan fund, þakkar starfsfólki og fráfarandi stjórnarmeðlimum og slítur fundi.

Fundi slitið kl. 15:15